ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun / bekkjarnámskrá 2026 – 2027

Samfélagsgreinar, 7. bekkur

Kennari/ar

Nafn: Erla Dís Þórsdóttir
Mikael Guðni Ólafsson
Sölvi Gunnarsson

Netfang: erla.dis.thorsdottir@reykjavik.is
mikael.gudni.olafsson@reykjavik.is
solvi.gunnarsson@reykjavik.is

Lýsing

Nemendur eru u.þ.b. 240 mínútur á viku í samfélagsgreinum.

Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat.

Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið / inntak

Námið byggir á Aðalnámskrá grunnskóla (2013). Samfélagsgreinar eru samheiti yfir sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði. Greinunum er ætlað að fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt, fræða nemendur um gildi jafnréttis, lýðræðis, umhyggju og virðingar fyrir öðrum, og hjálpa nemendum að taka ábyrgð og velja eigin leiðir í lífinu á grundvelli þekkingar.

Hæfniviðmið samfélagsgreina skiptast í þrjá flokka: reynsluheim, hugarheim og félagsheim.

Náms- og matsþættir í greininni (vægi þátta):

- Reynsluheimur – umhverfi, samfélag, saga, menning
- Hugarheimur – sjálfsmynd
- Félagsheimur – samskipti

Námsefni

- Gunnar J. Gunnarsson (1995). Maðurinn og trúin. Námsgagnastofnun, Kópavogur.
- Hilmar Egill Sveinbjörnsson (2012). Evrópa. Menntamálastofnun, Kópavogur.
- Leifur Reynisson (2010). Sögueyjan 2. hefti. Námsgagnastofnun, Kópavogur.
- Loftslag – námsefni landafræði af Skólavefnum.
- Sigrún Eyþórsdóttir og Guðný Þorsteinsdóttir (2012). Trúarbragðavefurinn. Námsgagnastofnun, Kópavogur.
- Sigurður Ingi Ásgeirsson (2008). Búddhatrú – Leiðin til Nirvana. Menntamálastofnun, Reykjavík.
- Sigurður Ingi Ásgeirsson (2005). Hindúatrú – Guð í mörgum myndum. Menntamálastofnun, Reykjavík.

- Uppbyggingin – Glærusafn Ölduselsskóla og annað efni tekið saman af kennara (Uppeldi til ábyrgðar).
- Ítarefni: stutt fræðslumyndbönd af Netinu, kortabækur, glærur og lesefni tekið saman af kennara til dýpkunar á skilningi og þekkingu á mismunandi viðfangsefnum.

Kennsluaðferðir

Nemendur í 7. bekk eru u.þ.b. 240 mínútur á viku í samfélagsgreinum. Hlutfall kennslustunda á milli samfélags- og náttúrufræðigreina er 5/2.

Námsgreinin er gjarnan samþætt íslensku, náttúrufræðigreinum, ensku og upplýsinga- og tæknimennt.

Kennari leggur inn einstaka námsþætti. Nemendur ræða og læra hugtök sem koma fyrir. Lögð er áhersla á að auka skilning nemenda á hugmyndum og viðhorfum til umhverfis og auðlinda, trúarbragða, menningar og sögu, og að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum.

Með fjölbreyttum kennsluaðferðum og verkefnum er nemendum gefinn kostur á að tileinka sér margs konar nálgun og aðferðir í námi og vinnu. Í tengslum við hugmyndafræði Ölduselsskóla, Uppeldi til ábyrgðar, taka nemendur þátt í bekkjarfundum og þjálfast í að líta í eigin barm, beita gagnrýni á uppbyggilegan hátt, taka ábyrgð og átta sig á sjálfum sér og öðrum.

Námsmat

Námsmati er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir nemendur til að ná settu marki.

- Leiðsagnarmat
- Sjálfsmat
- Jafningjamat
- Einstaklings-, para- og hópverkefni
- Kynningar nemenda á eigin verkum og vinnu
- Áfangapróf
- Leiðarbók

Námslotur

- Reynsluheimur – umhverfi, samfélag, saga, menning
- Hugarheimur – sjálfsmynd
- Félagsheimur – samskipti

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá

Vinnulag samfélagsgreina

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- útskýrt og notað mikilvæg hugtök samfélagsgreina,

- aflað sér upplýsinga um samfélagsleg málefni úr textum, hljóð- og myndefni, umorðað og nýtt til umfjöllunar,
- metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum úr heimildum á ólíku formi og myndað sér eigin skoðanir,
- spurt opinna spurninga og tekið þátt í umræðu um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga,
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum,
- miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum mál-efnum á fjölbreyttan hátt,
- tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.

Sjálfsmynd

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu,
- *rætt um heilbrigða lífshætti og samskipti og ræktað mikilvægar þarfir,*
- *lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun,*
- *lýst með dæmum mikilvægi jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfars og seiglu fyrir eigin þroska,*
- *gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og hvernig hægt er að vinna með þá þætti á uppbyggilegan hátt,*
- *sýnt virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett sér mörk í samskiptum og lýst því hvernig það er hægt,*
- *lýst staðalmyndum og fordómum í samfélaginu og áhrifum þeirra og áttað sig á skaðsemi þeirra,*
- *beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og áttað sig á fjölbreytni hinseginleikans,*
- *gert grein fyrir útgjöldum vegna þarfa, langana og hegðunar einstaklinga og mikilvægi fyrirhyggju í fjármálum.*

Siðferði og trú

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- *dregið fram ólíkan bakgrunn fólks og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði,*
- *rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs,*
- *gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims,*
- *borið saman valin trúarbrögð og lífsviðhorf og áhrif þeirra á líf fólks.*

Borgaravitund

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- *rætt reglur í samskiptum fólks og tilgang þeirra og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum,*
- *rætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og mikilvægi mannréttinda og jafnréttis í samfélaginu og á heimsvísu og þekki vel til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,*
- *fjallað um ólíkar samfélagsgerðir og hvernig þær tengjast lífi einstaklinga,*
- *lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta hér á landi,*
- *gert grein fyrir hlutverki mikilvægra stofnana samfélagsins,*
- *gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd þeirra í samfélaginu,*
- *áttað sig á hvernig og hvers vegna kostnaður við ýmsa grunnþjónustu er greiddur af sameiginlegum sjóðum samfélagsins,*
- *séð gildi slysavarna og þekkt viðbrögð við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni,*
- *gert grein fyrir umferðarreglum og helstu umferðarmerkjum og nýtt í daglegu lífi,*
- *sett sig inn í málefni samfélagsins, áttað sig á möguleikum til áhrifa og sýnt það í verki með ábyrgum hætti.*

Saga

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- *metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð,*
- *gert sér grein fyrir fjölbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra á ólíkum tímum,*
- *greint samhengi umhverfis, sögu, menningar og mannlífs í heimabyggð og tengsl við önnur landsvæði,*
- *fjallað um einkenni og þróun íslensks samfélags,*
- *fjallað um og greint persónur, atburði, tímabil, tildrög og gang sögunnar,*
- *áttað sig á að sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, atferli, lífsviðhorfum, samfélagsskipulagi og atvinnuháttum,*
- *útskýrt með dæmum hvernig sögulegir atburðir hafa áhrif á samfélög og líf fólks í samtímanum.*

Jörðin okkar

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- *notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim og sett upp einföld kort,*
- *varpað ljósi á ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks á jörðinni,*
- *skýrt hvernig notkun mannsins á auðlindum getur haft margvísleg áhrif á lífsgæði og lífbreytileika,*
- *lýst í grófum dráttum ferli daglegra neysluvara, uppruna þeirra, flutningi, sölu, nýtingu, förgun, endurvinnslu og kolefnisspori,*
- *skýrt með dæmum áhrif tækni og mannlegra athafna á samfélag, loftslag og umhverfi,*
- *fjallað um hvað sjálfbær þróun felur í sér,*
- *skýrt með dæmum mikilvægi náttúruverndar og þess að allir leggi sitt af mörkum.*